

Bréf umhverfis – og skipulagssviðs dags. 17. febrúar 2021, til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu föstudaginn 19. febrúar nk. Tillagan er í kynningu frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/hvassaleitisskol>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hvassaleitisskóli

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. febrúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. febrúar 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A. Í tillögunni eru sýndar endurbætur er stuðla að auknu öryggi nemenda og starfsmanna skólans, bæði er varðar bætt aðgengi að skólalóðinni og bættri aðstöðu til leikja innan hennar. Færa á almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta skólalóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Staði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans. Deiliskipulagsmörk verða útvíkuð og skólalóð verður stækkuð auk þess sem komið verður fyrir skólarútustæði og sleppistæði í Stóragerði. Nýjum byggingarreitum undir færanlegar kennslustofur og nýtt sorpgerði er komið fyrir innan skólalóðarinnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021**.

Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Er þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 7. apríl 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is